



22. nóvember 2023

Tilv.: 2310095

Dreifibréf númer: 38/2023

Til: Lánastofnana, verðbréfafyrirtækja og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur um heildargetu til endurbóta við gerð endurbótaáætlana (EBA/GL/2023/06).

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (*e. guidelines*) um heildargetu til endurbóta við gerð endurbótaáætlana (Guidelines on overall recovery capacity in recovery planning; [EBA/GL/2023/06](#); hér eftir einnig nefndar *viðmiðunarreglurnar*).

Viðmiðunarreglurnar taka gildi 11. janúar 2024 og beinast að lánastofnunum, verðbréfafyrirtækjum og lögbærum eftirlitsstjórnvöldum.

Gerðir Evrópusambandsins sem viðmiðunarreglurnar varða hafa verið innleiddar með lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IX. kafla A laganna. Sá kafli laganna fjallar um endurbótaáætlanir og byggir á hluta af tilskipun 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (*BRRD tilskipunin*).

Markmið viðmiðunarreglnanna er að skilgreina hugtakið heildargeta til endurbóta (*e. overall recovery capacity; ORC*) með skýrari og samræmdari hætti, þannig að lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki og lögbær eftirlitsstjórnvöld skilji og vinni með hugtakið með sama hætti milli aðildarríkja Evrópusambandsins. Nánar tiltekið skýra viðmiðunarreglurnar hvernig lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki eiga að hafa samantekt um heildargetu til endurbóta í endurbótaáætlunum sínum og eftir atvikum endurbótaáætlunum samstæðu í samræmi við 5. og 7. gr. og 1. tölul. þáttar A í viðauka BRRD tilskipunarinnar og II. þátt I. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1075, nánar tiltekið b-lið 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar. Einnig tilgreina viðmiðunarreglurnar hvernig lögbær eftirlitsstjórnvöld eiga að meta heildargetu lánastofnana og verðbréfafyrirtækja til endurbóta í tengslum við mat á endurbótaáætlunum og, eftir atvikum, endurbótaáætlunum samstæðu í samræmi við 6. og 8. gr. BRRD tilskipunarinnar og III. þáttar I. kafla framangreindrar reglugerðar, nánar tiltekið 16. gr. hennar.

Framangreind ákvæði 5.-8. gr. BRRD tilskipunarinnar hafa verið leidd í íslenskan rétt með ákvæðum 82. gr. a - 82. gr. d laga um fjármálafyrirtæki. Þá hefur 1. tölul. þáttar A í viðauka tilskipunarinnar verið innleiddur með 1. tölul. 2. gr. reglugerðar

nr. 780/2021 um upplýsingar í endurbótaáætlunum, upplýsingaöflun vegna skilaáætlana og mat á skilabærni lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. Jafnframt hefur framseld reglugerð (ESB) 2016/1075 verið innleidd með reglum Seðlabanka Íslands nr. 666/2021 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands beinir því til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur EBA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Fjármálaeftirlitið mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

Kristín Logadóttir
staðgengill framkvæmdastjóra
varúðareftirlit

Pálmi Reyр Ísólfsson
forstöðumaður
varúðareftirlit

